

28. maí 1973

325

Nr. 153

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 67 29. júní 1932 um breytingu á reglugerð nr. 88 25. október 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Við 1. mgr. 3. gr. bætist: Uppsögn skal ætíð miða við 1. marz.

2. gr.

Upphaf 4. gr. orðist svo:

Á eftir 14. gr., sem verður 13. gr., kemur ný grein, sem verður 14. gr., svo hljóðandi:

Eigendur skráningarskyldra vélknúinna ökutækja eru skyldir til þess að tryggja ökutæki sín fyrir eitt ár í senn frá 1. marz til febrúarloka næsta ár, og greiðist iðgjaldið fyrir fram fyrir allt tryggingartímabilið. Ef nýtt ökutæki er tryggt á árinu, skal það tryggt til loka febrúarmánaðar næst á eftir, þannig að tryggingartími allra ökutækja miðist við tímabilið 1. marz til febrúarloka næsta ár. Ráðherra getur þó heimilað, að ökutæki séu tryggt í skemmri tíma en eitt ár.

3. gr.

Hinn 1. júní 1973 fellur í gjalddaga iðgjald fyrir tímabilið 1. júní 1973 til 28. febrúar 1974.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 79. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 104 9. maí 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. maí 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.